

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ólíudreifing Ólafsvík



Dags eftirlits	9.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Fyrirtæki	Ólíudreifing	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	277577,592 496940,924

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram er varða mælingar á olíu í frárennslisvatni. Ein ábending var sett fram er varðar skil á niðurstöðum eftirlitsmælinga til eftirlitsaðila.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Ólíudreifingar ehf. í Ólafsvík þann 9. desember 2025.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið yfir starfsleyfið
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Kynning á meðfylgjandi gögnum
7. Önnur mál
8. Vettvangsskoðun

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti en ein ábending var sett fram er varðaði að öryggisblöð voru ekki aðgengileg í stöðinni. Úr því hefur nú verið bætt.

2. Farið yfir starfsleyfið

Starfsleyfi olíubirgðastöðvarinnar gildir til 2034. Heimilt er að geyma allt að 2.000 m³ af olíu og taka á móti allt að 100 tonnum af úrgangsolíu á ári. Ekki er heimilt að geyma bensín í stöðinni.

3. Eftirlitsmælingar og skráningar

Geymar voru síðast botnþykktarmældir árið 2019. Næsta mæling á því að fara fram árið 2029.

Niðurgrafnar olíulagnir og allar löndunarlagnir skal þrýstiprófa á 5 ára fresti, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi. Lagnir voru samkvæmt síðustu eftirlitsskýrslu þrýstiprófaðar árið 2019 og áttu því að vera þrýstiprófaðar á ný árið 2024. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2023, en niðurstöður þrýstiprófana voru ekki sendar eftirlitsaðila til yfirferðar fyrr en að eftirliti loknu. Er rekstraraðila bent á að senda niðurstöður eftirlitsmælinga sem gerðar eru skv. gr. 4.2 í starfsleyfi svo fljótt sem verða má eftir að þær liggja fyrir.

Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi. Slíka mælingu átti að gera árið 2022 og svo aftur árið 2025 en Umhverfis- og orkustofnun hafði ekki borist gögn um að mæling á olíu í fráveituvatni hafi verið gerð þegar eftirlitið fór fram og því er um frávik að ræða. Könnun á olíu í fráveituvatni var gerð með strimli eftir að eftirlitið fór fram og samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila komu fram litabreytingar á strimli sem gefa til kynna að olía í fráveituvatni frá olíuskilju sé yfir 15 mg/kg. Er því um frávik að ræða og skal því taka sýni af frárennslisvatninu sem sýnir magn olíu í því.

4. Áætlanir og viðbrögð

Áhættumat, viðbragðsáætlanir og áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun eru til staðar. Bráðamengunartrygging er í gildi til 31. desember 2025.

5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða er óbreytt.

6. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Rekstraraðili var beðinn um að kynna sér leiðbeiningar um olíuskiljur og kynningu á breyttu verklagi við eftirlit Umhverfis- og orkustofnunnar sem send voru með boðun eftirlits.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

8. Vettvangsskoðun

Stöðin er afgirt og var girðing í lagi og hlið læst þegar komið var að stöðinni. Þrír geymar eru í stöðinni og eru þeir í steyptri þró. Áfyllingarplan er olíuhelt með niðurfalli tengdu við olíuskilju. Ekkert aðstöðuhús er við stöðina og er rekstrarhandbók geymd í olíubirgðastöðinni í Grundarfirði. Viðbragðsáætlun og öryggisblöð eru geymd í vatnsheldu hylki við stöðina.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.2. í starfsleyfi	Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar. Samkvæmt þeim gögnum Umhverfis- og orkustofnun hefur borist var olía í fráveituvatni síðast mæld árið 2019.
Gr. 3.5 í starfsleyfi	Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Könnun á olíu fráveituvatni var gerð með strimli og samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila komu fram litabreytingar á strimlinum sem gefa til kynna að olía í fráveituvatni frá olíuskilju sé yfir 15 mg/kg.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að senda eftirlitsaðila niðurstöður eftirlitsmælinga sem gerðar eru skv. gr. 4.2 í starfsleyfi þegar þær liggja fyrir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.01.2026

Stella Hrönn Jóhannsdóttir